

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	Fundargerð (Fundur skólanefndar)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 1 af 3		

Dags.: 12.11.2020	Tími: 16:00	Staðsetning: Teams	Fund boðaði: LGJ
-------------------	-------------	--------------------	------------------

Þátttakendur

Mættir:	Lilja Guðný Jóhannesdóttir, Birgir Jónsson, Sævar Örn Arngrímsson, Hafliði Hinriksson, Pálína Margeirsdóttir, Anna Margrét Sigurðardóttir, Hlöðver Hlöðversson, Sigurður Ólafsson, Hákon Þorbergur Jónsson, Jón Björn Hákonarson, formaður, Sigurborg Hákonardóttir, Karen Ragnarsdóttir.
Fjarverandi:	

Dagskrá:

1. Tölulegar upplýsingar haustannar
2. Fjárhagsstaða skólans og vinna með MRN
3. Áætluð afkoma 2020
4. Áhrif Covid og viðbrögð skólans
5. Aðstaða og líðan nemenda í fjarnámi
6. Austurendi, breytingar
7. Staða í innleiðingu gæðastjórnunarkerfis
8. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	Karen fer yfir tölulegar upplýsingar haustannar. Jón Björn spyr hvort tölur um iðnnema séu ekki óvenjulega háar. Það er töluverð aukning frá því sem var á haustönn 2019 og Karen bendir sérstaklega á fjölda nýnema í grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Töluverður hluti umsókna kom eftir að skólinn opnaði aftur eftir sumarleyfi. Það getur reynst mikil áskorun í því vegna þess að erfitt er að skipuleggja starfið ef nemendatölur eru á mikilli hreyfingu.
2.	Lilja fer yfir fjárhagsstöðu skólans og þá vinnu sem hefur átt sér stað með fulltrúum Menntamálaráðuneytisins. Það hefur verið mikið og virkt samtal við ráðuneytið síðan í vor og það virðist vera að myndast einhver skilningur á sérstöðu skólans. Líklegt má teljast að nemendafjöldgun haustsins skili hærri framlögum inn til skólans.

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	Fundargerð (Fundur skólanefndar)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 2 af 3		

3.	<p>Sigurborg fer yfir áætlaða afkomu ársins 2020. Miðað við stöðuna núna þá er áætlað tap á bilinu 12-15 milljónir. Það eru góð teikn á lofti fyrir því að leiðréttingar komi inn sem rétti þessa stöðu enn frekar áður en árið er úti.</p>
4.	<p>Lilja fer yfir viðbrögð skólans við Covid-19. Það er búið að beita ótal mismunandi útfærslum á fyrirkomulagi námsins. Verknám hefur að mestu leyti verið í húsi síðan í haust ásamt framhaldsskólabraut og starfsbraut. Einnig voru þrjú dagar þar sem nemendur á stúdentsbrautum komu einnig inn í kjölfar undanþágu sem fékkst. Lilja bindur vonir til þess að það verði slakað á hömlunum í næstu viku. Ef ekki þá verði undanþágubeiðni tilbúin.</p> <p>Jón Björn spyr hvort mætingin og námsárangur sé verri í COVID og hvort ástandið sé ólíkt því sem var í vor. Lilja nefnir að eitthvað sé um brottfall og Karen bætir við að nýtt skipulag með vörðum og „pepp“bréfum valdi því að fylgst er betur með stöðu nemenda. Þeir nefndarmenn sem eiga börn í skólanum benda á að þetta kerfi sé afar gott og koma með mismunandi sjónarhorn á nemendur í COVID.</p>
5.	<p>Hákon Þorbergur fer yfir stöðuna frá sjónarhorni nemenda. Honum sjálfum finnst fjarnámið fínt en bendir á að margir nemendur sem hann þekkir eigi í miklum erfiðleikum með þetta. Hann nefnir einnig að grímuskyldan hafi verið erfið fyrir sig og marga aðra nemendur en þar hafi aftur á móti margir fagnað því að koma inn í skólann.</p> <p>Hákon lýsir því hvernig félagslífi hefur verið háttáð. Nemendafélagið hefur haldið Kahoot spurningakeppni einu sinni í viku í gegnum fjarfundabúnað og er auk þess með í þáttum að senda út könnun þar sem þau kanna líðan nemenda. Hákon viðurkennir að það sé mjög erfitt að halda úti félagslífi í þessum aðstæðum.</p> <p>Birgir nefnir að einnig hafi einhvers konar undirbúningur fyrir Gettu-betur hafist í gegnum fjarfundarbúnað. Það hefur gengið mjög vel.</p>
6.	<p>Lilja fer yfir breytingar á Austurenda sem eru fyrirhugaðar þegar leigjendur fara út um áramótin. Helstu breytingarnar sem þetta hefur í för með sér er að allt starfsfólk fær vinnuaðstöðu í sama húsi og það á að koma upp sal og matarafgreiðslu sem getur byggt undir skólabraginn.</p> <p>Jón Björn spyr hvort þetta þýði fjölgun á kennslustofum og hvort aðalinngangurinn verði þá frekar í norðurinngangi. Lilja segir að það gætu orðið til þrjár nýjar kennslustofur, skólann vanti stofur en ekki endilega stórar stofur. Nemendur nýta nú þegar norðurinnganginn mjög mikið og það yrði í raun aðalinngangurinn og myndi alveg anna þeirri umferð sem um hann færi.</p> <p>Hákon er sérstaklega spurður um afstöðu til þessa út frá sjónarhorni nemenda. Hann bendir á að setustofan er staður sem er hluti af menningu skólans og við alla skipulagningu þurfi að hafa í huga að nemendur þurfi ekki bara námsaðstöðu heldur</p>

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	Fundargerð (Fundur skólanefndar)	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 3 af 3		

	Líka aðstöðu til þess að „chilla“. Hann telur að nemendum eigi eftir að lítast vel á þessar breytingar.
7.	<p>Birgir fer yfir stöðuna í innleiðingu gæðastjórnunarkerfis. Forvottun var framkvæmd sl. föstudag af vottunaraðilanum iCert og líklegt að það verði engar meiriháttar athugasemdir. Eftir það er stefnt á vottunarúttekt í kringum mánaðarmótin janúar-febrúar og þá ætti skólinn að hljóta gæðavottun í kjölfarið.</p> <p>Hafliði bendir á að þetta sé gríðarlega mikilvægt, sérstaklega vegna vélstjórnarinnar. Það hefur borið á því að nemendur sem fara frá okkur fá námið ekki viðurkennt að fullu í öðrum skólum því sé þessi vottun alveg nauðsynleg.</p>
8.	<p>Jón Björn greinir frá því að ytra mat hafi farið fram á skólanum og beðið sé eftir niðurstöðum. Þær eru væntanlegar fljótlega.</p> <p>Lilja nefnir það stolt sem býr innra með henni yfir þeirri vinnu sem fram fer innan skólans og nefnir til viðbótar við allt ofangreint að umhverfisnefnd skólans hafi verið í úttekt í gær og hlýtur skólinn Grænfánann áfram til næstu tveggja ára.</p> <p>Lilja bindur vonir til þess að eitthvað sé að þokast í Fab-lab málum. Þetta er afar mikilvægt mál fyrir skólann og allt samfélagið.</p>

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson

dags. 12.11.2020

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Í rafrænni málaskrá skólans